



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um áætlanir varðandi leikskólann Kvistaborg

Á 209. fundi skóla- og frístundaráðs, 25. maí 2021 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska upplýsinga um áætlanir varðandi málefni leikskólans Kvistaborgar. Fannst mygla í leikskólanum Kvistaborg? Ef svo er hvaða áform eru um viðgerðir í Kvistaborg? Hafa áætlanir verið gerðar og tímasettar? Hafa þessar áætlanir verða kynntar starfsfólki og foreldrum nemenda? Hvað kostuðu þær viðgerðir sem farið var í árið 2017 í leikskólanum vegna myglu sem þá kom upp. Eru þær skemmdir sem núna finnast í sama rými og var tekið í gegn árið 2017?

Svar:

Meðfylgjandi er svar umhverfis- og skipulagssviðs við fyrirspurninni, dags. 18. mars 2022.



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skrifstofa framkvæmdir og viðhald

Svar við fyrirspurn: SFS22030073 – Málefni Kvistaborgar.

„Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska upplýsinga um áætlanir varðandi málefni leikskólans Kvistaborgar. Fannst mygla í leikskólanum Kvistaborg? Ef svo er hvaða áform eru um viðgerðir í Kvistaborg? Hafa áætlanir verið gerðar og tímasettar? Hafa þessar áætlanir verða kynntar starfsfólki og foreldrum nemenda? Hvað kostuðu þær viðgerðir sem farið var í árið 2017 í leikskólanum vegna myglu sem þá kom upp. Eru þær skemmdir sem núna finnast í sama rými og var tekið í gegn árið 2017?“

Svar:

Já mygla fannst í húsnæðinu.

Hönnun stendur yfir á nýju húsi ásamt endurgerð á núverandi byggingu.

Verkið er í hönnun og verða tímaáætlanir gerðar þegar hönnunargögn liggja fyrir.

Áætlanir hafa verið kynntar fyrir starfsfólki og foreldrum.

Kostnaður við viðgerðir á árunum 2017 og 2018 var 36 millj., ekki er um sama rými að ræða og nú liggur fyrir að ráðast í endurgerð á.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds